



Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri

22-26. júlí 2020

Enduro Akureyri 2020 - Keppnishandbók

Uppfært 24.07.2020 - Árni F. Sigurðsson

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Enduro Akureyri 2020

Kæri þátttakandi

Hjólreiðarfélag Akureyrar hlakkar til að taka á móti þér í Hlíðarfjalli 25. júlí 2020. Í þessu bréfi verður farið yfir nokkur mikilvæg atriði sem varðar keppnina. **Vinsamlega lesið þetta bréf því vel yfir.**

Efnisyfirlit:

1 - Grunnupplýsingar.	2
2 - Flokkar, rástímar og keppnislengdir	4
3 - Keppnisgögn	4
4 - Dagskrá laugardaginn 25. júlí 2020	6
5 - Keppnisreglur	6
6 - Brautin, staðreyndir og ítarupplýsingar.	7
7 - Opnunartími sérleiða	7
8 - Öryggismál	8
9 - Keppendur undir 18 ára - Enduro Akureyri 2019	9

1 - Grunnupplýsingar.

Keppnisgrein:	Enduro Fjallahjólreiðar
Dagsetning:	Laugardagur 25.07.2020
Keppnishaldari:	Hjólreiðafélag Akureyrar
Keppnisstjóri:	Ágúst Örn Pálsson, formadur@hfa.is - 8674348
Aðrir tengiliðir:	Árni F. Sigurðsson, Gjaldkeri HFA - gjaldkeri@hfa.is - 8654195
Afhending gagna:	Föstudag 24. júlí 21:00-23:00 - Sunnuhlíð 1, 603 Akureyri Laugardag 25. júlí 9:00-10:15 - Strýtuskáli í Hlíðarfjalli, við efti enda stólalyftu.
Verðlaunaafhending:	Við endamark á Birkivelli í Kjarnaskógi þegar allir keppendur eru komnir í mark
Keppnisgjald:	Fullorðnir Kr. 7.900 - greitt við skráningu á netskraning.is (6.900 í snemmskráningu) Ungmenni kr. 3.900 - greitt við skráningu á netskraning.is (2.900 í snemmskráningu)

Skilmálar fyrir viðburði á vegum HFA eru aðgengilegir á vef félagsins HFA.is

<https://www.hfa.is/uploads/3/1/4/0/31401207/hfa-skilmalar2020.pdf>

MIKILVÆGT: Ekki er hægt að ljúka skráningu í mótið nema skilmálar séu samþykktir.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Enduro Akureyri 2020

2 - Flokkar, rástímar og keppnislengdir

Ráshópur	Rásröð innan ráshópa er valfrjáls	Fjöldi tímatökusvæða	Rástími	Endamark
1.	Karlar Konur Master Konur 35+ Master Karlar 40+ U21 (17-20 ára) Karlar U21 (17-20 ára) Konur U17 Karlar U17 Konur	6	10:00	Birkivöllur í Kjarnaskógi
2.	Ungmennaflokkur 10-13 ára	5	10:00	Birkivöllur í Kjarnaskógi Athugið - Ungmennaflokkur sleppir sérleið 5 og fer beint úr sérleið 4 yfir í sérleið 6

Hjólúð verður leið frá Hlíðarfjalli að Kjarnaskógi.

3 - Keppnisgögn

Keppnisgögn verða afhend í Strýtuskála í Hlíðarfjalli, laugardaginn 25. júlí milli klukkan 9:00 og 10:15. Hafa ber í huga að það getur tekið 30-45 mínútur að komast frá innkomu á svæðið í Hlíðarfjalli upp í Strýtuskála sem er við efri enda stólalyftunnar.

Keppendum er ekki heimilt að taka lyftuna upp að strýtuskála fyrir afhendingu.

Einnig er hægt að sækja gögn föstudagskvöldið 24. júlí í Sunnuhlíð 1, 603 Akureyri milli klukkan 21:00 og 23:00.

HFA ábyrgist ekki að keppendur fái keppnisgögn afhent nema þau séu sótt á fyrrgreindum tíma.

Keppnisgögn:

- Tímatökuflaga á gaffal
- Eitt keppnisnúmer framan á stýri
- 5 plastbensli fyrir keppnisnúmer og tímatökufloðu.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Enduro Akureyri 2020

Tímatökuflaga ef fest hægra megin á framgaffal (þeim megin sem bremsan er ekki) með tveimur dragböndum. Tímatökuhlið eru þráðlaus og einungis þarf að hjóla gegnum hliðið til að virkja það. Gæta skal þess að fara ekki of nálægt hliðinu áður en farið er af stað í sérleið.

Plastað keppnisnúmer skal fest framan á stýri, framan við alla kapla, bæði að ofan og neðan, til að það flettist ekki upp.

Keppendur bera ábyrgð á tímatökufögum og að skila þeim til mótstjórnar að keppni lokinni. Hafi flaga ekki skilað sér í lok dags verður innheimt 2000kr gjald. Hafi hún ekki skilað sér innan viku bætist svo við 6000kr ofan á það. Ofan á það leggst svo innheimtugjald frá Banka.

Dæmi um rétt staðsett keppnisnúmer:



Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Enduro Akureyri 2020

4 - Dagskrá laugardaginn 25. júlí 2020

9:00-10:15	Afhending keppnisgagna við vélageymslu.
9:50	Fundur með keppnisstjóra í Strýtuskála
10:00	Fyrstu keppendur mega leggja af stað í rásmark
10:45	Ósottt keppnisgögn verða seld aðilum á biðlista.
14:00	Grillið verður ræst í Kjarnaskógi

Verðlaunaafhending fer fram þegar allir keppendur eru komnir í mark.

5 - Keppnisreglur

Mótið er hluti af EWS Qualifier mótarið Enduro World Series.

Reglur í kafla 0 og kafla 3 úr reglubók EWS gilda í mótinu:

https://admin.enduroworldseries.com/uploads/Rulebook%202020_NP.pdf

Bendum líka á heilræði frá Enduro Ísland varðandi búnað sem er skylda og æskileg að hafa með sér:

<http://www.enduroiceland.com/heilraeligethi.html>

Að auki gilda eftirtaldar reglur.

1. Keppendur skulu kynna sér leiðina. Ekki er hægt að kenna skorti á merkingum um ef keppendur villast.
2. Keppendur skulu stöðva og aðstoða ef þeir sjá slasaða keppendur í braut. Ef meiðsl eru alvarleg skal hringja tafarlaust í 112. Láta skal keppnisstjóra vita (Ágúst, sími 867-4348) sem hefur þá samband við stafsmanntil að lokar sérleiðinni á meðan viðeigandi aðstoð berst. Keppendur geta fengið heimild keppnisstjóra til að endurtaka sérleið ef þeir stöðva til að aðstoða aðra keppendur.
3. Hjólið verður að vera fjallahjól, aðeins má nota eitt stakt hjól í allri keppninni. Aðeins má skipta út biluðum slitflötum á borð við bremsupúða, dekk, slöngur. Ekki má skipta um stell, stýri, stamma, dempara eða gjarðir í keppni. Ástand hjólsins verður að vera gott. Mótstjórn getur bannað keppendum að ræsa telji hún hjólið ekki uppfylla öryggiskröfur.
4. Hjálmaskylda er í mótinu, mælt er með hjálmi með kjálka (full-face) í allar sérleiðir. Sérstaklega er mælt með hnjáhlífum, hönskum og bakbrynju.
5. Bannað er að hjóla útfyrir merktar eða augljósar brautir. Virðum náttúruna og höldum okkur á slóðanum. Bannað er að stytta sér leið.
6. Stranglega bannað er að skilja eftir rusl í brautinni.
7. Keppendum er ekki heimilt að taka lyftuna í Hlíðarfjalli. Ekki er heldur leyfilegt að aka keppendum upp þjónustuvegi innan svæðis í fjallinu né annars staðar.
8. Keppandi verður að hjóla, leiða eða bera hjól sitt allar sérleiðir og allar ferjuleiðir.
9. Öll utanaðkomandi aðstoð er óheimil, keppendur mega þiggja aðstoð og veitingar frá öðrum keppendum og starfsmönnum mótsins en ekki má láta afhenda sér hluti eða næringu af utanaðkomandi aðila. Bannað er að koma hlutum eða næringu fyrir í brautinni fyrir mót.

Hjólréiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Enduro Akureyri 2020

10. Keppandi sem verður uppvís af því að brjóta reglur mótsins verður vísað úr keppni. Mótstjórn er heimilt að nota tímavíti fyrir minniháttar brot ef tilefni þykir.

Til viðbótar er kveðið á um að allir keppendur verða að hjóla með farsíma með síma keppnisstjóra vistaðann. Ágúst Örn Pálsson í síma 867-4348

Keppendur undir 17 ára aldri:

Boðið er upp á U17 flokk fyrir keppendur aldrinum 14-16 ára og Ungmennaflokk fyrir 10-13 ára.

Keppendur í Ungmennaflokki (10-13 ára) þurfa að hafa fylgdarmann með sér. Fylgdarmaður má vera skráður keppandi, en einnig er í boði að fylgdarmaður sé ekki skráður og getur fylgdarmaður því hjólað með ungmenni án þess að þurfa að greiða keppnisgjald.

Hver fylgdarmaður má ekki fylgja fleiri en þremur ungmennum.

Keppendur í U17 mega hjóla án fylgdarmanns, en þeir fá keppnisgögn ekki afhent nema foreldri eða forráðamaður sé viðstaddur afhendingu.

6 - Brautin, staðreyndir og ítarupplýsingar.

Leiðir eru eftirtaldar:

Sérleið 1: Hjalteyri -> Gosi

Ferjuleið: Upp Hlíðarfjallsveg

Sérleið 2: Hruturinn

Ferjuleið: Glerárgil að Súluplani

Hressing á súluplani

Ferjuleið: Súluplan -> Klappir ofan við Fálkafell

Sérleið 3: Fálkafell -> Gamli

Skrifa í Gestabókina í Gamla

Sérleið 4: Gamli -> Ísbíllinn -> [#Ókeypisís](#)

Ferjuleið: Kirkjusteinn - **ATH. Ungmennaflokkur (10-13 ára) sleppir þessari leið og fer beint í sérleið 6**

Sérleið 5: Hvammskógur - **ATH. Ungmennaflokkur (10-13 ára) sleppir þessari leið og fer beint í sérleið 6**

Ferjuleið: frá enda Hvammskógs að Raket Snorra

Sérleið 6: Raket Snorra

Grillpartý í Birkilundi!

Í brautinni eru stökkpallar, brýr, drop, gap-jumps og fleiri hindranir sem geta verið hættulegar. Flestar hindranir eru þannig að hjáleik er í boði eða hægt er að rúlla hana.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Enduro Akureyri 2020

Keppendur þurfa að meta sína eigin getu til að takast á við þessar hindranir og taka meðvitaða ákvörðun um að taka hjáleik ef hindranir eru yfir getu þeirra.

Starfsmaður verður við ræsingu á hverri sérleið sem að ræsir keppendur af stað með passlegu millibili í samráði við keppendur. Ef þurfa þykir getur starfsmaður lokað rásmarki tímabundið.

Upphaf sérleiða verða mörkuð með **bláum stöngum**. Tímatökubúnaður verður rétt neðanvið ráslið, til að hægt sé að taka sér stöðu í rásliði án þess að trufla tímatökubúnað.

Endamark sérleiða verður markað með **rauðum stöngum**. Tímatökuhlíð verður akkúrat á milli stanganna í endamarki.

Hjólréiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Enduro Akureyri 2020

7 - Opnunartími sérleiða

Hver sérleið er einungis opin í ákveðinn tímaramma samkvæmt töflu hér að neðan.

Leiðum lokar þegar allir keppendur hafa farið þær.

Mótstjórn áskilur sér rétt til að tefja eða flýta opnun sérleiða ef tilefni þykir.

Sérleið	Opnar	Lokar	Opnunartími
1: Hjalteyri-Gosi	10:00	11:20	80 mín
2: Hrútur	10:15	12:00	105 mín
3: Fálkafell-Gamli	11:00	13:00	2 klst
4: Gamli-#Ókeypisís	11:30	13:30	2 klst
5: Hvammskógur - ATH!	12:00	14:30	2.5 klst
6: RakeI Snorra	12:15	15:00	2 klst 45mín

Athugið - Ungmennaflokkur (10-13 ára) fara ekki sérleið 5.

8 - Öryggismál

Ef slys ber að höndum skal hringja í 112, svo láta keppnistjóra vita í síma **8674348**.

Ef um önnur atvik er að ræða eða keppendum vantar aðstoð skal hringja beint í keppnisstjóra **8674348**

Eftirfarar verða með sjúkrapakka fyrir minniháttar meiðsl auk þess sem mótstjórn verður með sjúkrapakka á nokkrum vel völdum stöðum.

Hjólreiðahátíð Greifans á Akureyri 2020

Enduro Akureyri 2020

9 - Keppendur undir 18 ára - Enduro Akureyri 2019

Samkvæmt reglum Hjólreiðafélags Akureyrar fyrir Enduro Akureyri 2020 er þáttakendum á aldrinum 10-13 ára aldri skylt að vera í fylgd með foreldri eða ábyrgðarmanni.

Mæta skal með þessa blaðsíðu útfyllta og skrifa þarf undir skjalið við afhendingu keppnisgagna og mun fulltrúi mótisstjórnar votta fyrir undirskrift.

Foreldri/forráðamaður skal mæta með til að fá keppnisgögn afhent, þó svo að annar ábyrgðarmaður fylgi ungmenni í braut. Þáttakendur á aldrinum 14-16 fá keppnisgögn ekki afhent nema foreldri/forráðamaður fylgi honum í afhendingu gagna.

Þáttaka ungmennis er að öllu leiti á ábyrgð fylgdarmanns.

Reglur:

- Allar almennar reglur mótsins gilda um ungmenni.
- Ungmenni og fylgdarmaður skulu vera í samfloti alla leiðina. Á tímatökusvæðum skal ungmenni fara á undan og fylgdarmaður skal vera næstur í braut.
- Hver fylgdarmaður má að hámarki fylgja tveimur ungmennum.
- Ungmenni skal hafa meðferðis allan þann lágmarks búnað sem krafist er í reglum mótsins. Heimilt er að láta fylgdarmann bera búnað fyrir ungmenni.
- Láta skal keppendur sem fara í braut á eftir ungmenni og fylgdarmanni vita að ungmenni sé í brautinni til að gefa góðann tíma fyrir næstu ferð.
- Hjól ungmennis skal vera í góðu standi og allur öryggisbúnaður í lagi.
- Ungmenni skulu vera að lágmarki með hjálm og hnéhlífar. Allur auka öryggisbúnaður er æskilegur.

Nafn og kennitala ungmennis:

Nafn, símanúmer og kennitala foreldris:

Nafn, símanúmer og kennitala ábyrgðarmanns (ef við á):

Undirskriftir:

Foreldri

Ábyrgðarmaður

Staðfesting undirskriftar af mótisstjórn (nafn og dagsetning)
